

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. nóvember 1984.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

*Pórður Eyþórsson.***REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld á Blönduósi
nr. 582/1981.**

Við 7. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Jafnframt B. gjaldi og sem hluta af því skulu lóðarhafar atvinnu- og verslunarlóða greiða kr. 25,00 fyrir hvern fermetra lóðar hvort sem bygging er þar á eða ekki. Ofangreint gjald er miðað við byggingarvísitölu 168.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduóshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. nóvember 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.